

Skipulagsfulltrúi
Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði



Reykjavík 14. júní 2017
UST201704-142/K.S.J.
10.04.03

Efni: Sveitarfélagið Hornafjörður. Tillaga að deiliskipulagi skotsvæðis við Grjótbrú

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 18. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi skotsvæðis við Grjótbrú.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að áætlað skotæfingasvæði við Grjótbrú liggur 10 km frá Höfn og er grösugt sléttlendi sem er skilgreint sem landbúnaðarland í aðalskipulagi.

Hljóðmengun

Umhverfisstofnun hefur farið yfir gögn um hljóðvist er fylgja skipulagstillögunni. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að vöktun á hávaða frá skotsvæðinu verði þáttur í starfsleyfi svæðisins, þannig að tryggt sé að nálægir íbúar verði ekki fyrir truflunum frá svæðinu. Í greinargerð kemur fram að áætlað er að í starfsleyfi verði einnig gerð grein fyrir jarðvegsmönnum og hljóðeinangruðu húsi fyrir riffla, og tekur Umhverfisstofnun undir þær áætlanir.


Náttúruminjar


Eins og fram kemur í greinargerð liggur áætlað skotsvæði í grennd við svæði á náttúruminjasrá nr. 628. Laxárdalur og í grennd við Bergá og Bergárfoss. Verndargildi Laxárdals felst í fjölbreyttum og litríkum jarðmyndunum, mýrlendi og talsverðu fuglalífi. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að fuglafræðingur muni meta möguleg áhrif áætlaðs skotsvæðis á búsvæði fugla.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að staðið verði að öllum framkvæmdum þannig að verndargildi nálægra náttúruminja skerðist ekki.

Umhverfisstofnun biðst velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur